

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs.

84. fundur – 23. mars 2017 kl. 16:30

Einhleyping 1 Fellabæ

Mætt: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Björn Ármann Ólafsson, Steingrímur Karlsson, Einar Kr. Haraldsson, Þórhallur Þorsteinsson og fyrir hönd Vatnajökulshjóðgarðs sat Þórveig Jóhannsdóttir fundinn.

1. Dagskrá og undirritun fundargerða
2. Veghald í þjóðgarðinum - umræður
3. Erindi frá leiðsögumönnum með hreindýraveiðum
5. Önnur mál.

Formaður setti fund 16:30

1.Dagskrá og undirritun fundargerða:

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fyrri fundagerðir, sem samþykktar höfðu verið í tölvupósti, voru undirritaðar.

2.Veghald í þjóðgarðinum:

Svæðisráð fundaði með stjórn Vatnajökulshjóðgarðs um málefnið sl. þriðjudag. Farið yfir í hvaða farveg málið var sett. Einnig las Einar upp bréf Ferðaklúbbsins 4x4 sem stílað er á umhverfisráðherra með fyrirsögninni „*Slóðar á austur svæði Vatnajökulshjóðgarðs sem eru lokaðar en eiga að vera opnar samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun*”. Þar er lýst yfir mikilli óánægju yfir því að þjóðgarðsvörður haldi Bergkvíslarslóða og Sauðárkofaslóða slóðum lokuðum ár eftir ár án þess að nokkuð sé að gert til að lagfæra slóðirnar.

Einar rakti niðurstöður slóðasamráðs og fyrirheit um að þessar slóðir yrðu opnar. Hann ítrekaði einnig að samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins væru þær skilgreindar sem opnar og að hann teldi að ekki væri heimilt að loka þeim árum saman í trássi við það sem þar kemur fram.

Jóhann bendir á í framhaldi af þeirri umræðu að út frá umhverfissjónarmiðum þá er ekki nóg að loka Sauðárkofaslóðinni vegna þess að vatn rennur samt sem áður eftir slóðinni og skemmir slóðina þó svo að hún sé ekki notuð. Þess vegna sé líka mikilvægt að gera við slóðirnar svo rofið verði ekki enn meira.

Þórhallur bendir á utanvegaakstur og nýjar slóðir á leið inn í Geldingafell. Slóðin inn í Geldingafell er innan þjóðgarðs. Nefnir hann sérstaklega slóða frá Háuklettum niður að mælistað hjá Keldá. Út frá þessum slóða hafa síðan myndast fleiri slóðar.

Rætt um umsóknir í styrkvegasjóð til viðgerðar á slóðunum. Þjóðgarðsvörður hefur verið í samstarfi við oddvita Fljótsdalshrepps um málið.

Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að láta kostnaðarmeta viðgerðir á vegaslóðunum Bergkvíslarslóð og Sauðárkofa. Svæðisráð mun í framhaldi athuga hvort hægt sé að sækja um fjármagn í þessa vegslóða. Svæðisráð ítrekar að koma verði veghaldi innan þjóðgarðs í farveg.

3. Erindi frá leiðsögumönnum með hreindýrveiðum:

Lagt er fram erindi frá leiðsögumönnum með hreindýrveiðum dagsett 17. mars 2017. Varðar veiðar hreindýra og umferð um vegslóðir á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Meðal þess sem rætt er í bréfinu er að leyfa veiðar í veiðigriðlandinu austan megin við Snæfellið. Umræður um veiðigriðlandið á Snæfellssöræfum og hreindýrveiðar.

Svæðisráð austursvæðis leggur til að sérfræðingar og hagsmunaaðilar hreindýra verði boðaðir til fundar með svæðisráði til að veita upplýsingar sem að gagni geti komið í umfjöllun um málið.

4. Önnur mál:

Svæðisráð fagnar opnun skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Fellabæ og ráðningu nýrra starfsmanna, bókara og fjármálastjóra.

Þórhallur hefur óskað eftir því að fá eintak af verksamningi við vertaka ásamt grunnmynd og útlitsmynd af nýju hreinlætishúsi við Snæfellskála ásamt sundurliðun á hönnunarkostnað og deilisskipulagsvinnuna.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hefur óskað með fundi með Ruth og Birni Ármanni. Stefnt er að fundi í næstu viku.

Svæðisráð beinir því til þjóðgarðsvarðar að skipuleggja opinn vorfund svæðisráðs á austursvæði þann 19. apríl.

Fundi slitið 18:00

Ritari Þórveig